

Ár 2012, fimmtudaginn 26. Júlí, kl. 11.00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Brynjars Níelssonar, Lágmúla 7, Reykjavík, af Brynjari Níelssyni, Herði Felix Harðarsyni og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2012

Knattspyrnudeild KA

Gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

Dómur

I

Mál þetta dæma Brynjar Níelsson, Hörður Felix Harðarson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aganefndar var kveðinn upp 3. júlí 2012 þar sem Sævar Pétursson, þjálfari 4. flokks karla hjá KA, var úrskurðaður í eins mánaðar leikbann og knattspyrnudeild KA gert að greiða kr. 20.000.- í fjársekt.

Kæra úrskurðar aganefndar barst skrifstofu KSÍ þann 10. júlí 2012 þar sem Björg Unnur Sigurðardóttir gerði eftirfarandi kröfur f. h. Sævars Péturssonar og Knattspyrnudeildar KA:

- a) Að eins mánaðar leikbann Sævars Péturssonar þjálfara 4. flokks karla hjá KA frá 3. júlí verði afturkallað.
- b) Að fjársekt að upphæð kr. 20.000.- sem KA var dæmt til að greiða verði felld niður.
- c) Að úrslit leiks B liðs 4. flokks Breiðabliks og KA sem fram fór að hluta til 27. júní 2012 verði úrskurðuð ógild og að leikurinn verði spilaður að nýju á kostnað KSÍ.
- d) Að kannað verði til hlítar hvernig á því stóð að nafn þjálfara var skrifað á leikskýrslu að honum forspurðum að leik loknum og hver hugsanleg aðkoma starfsmanns eða fulltrúa móta- eða dómaravaktar KSÍ var að þeirri undirskrift.

II

Helstu málavextir eru þeir að þann 27. júní 2012 fór fram leikur B liðs Breiðabliks og KA í 4. flokki karla á Versalavelli. Samkvæmt skýrslu dómara leiksins, Snorra Páls Einarssonar, gaf hann Sævari Péturssyni, þjálfara KA, áminningu á 27. mínútu leiksins vegna mótmæla. Á 37. mínútu var Sævari veitt önnur áminning og vísað af velli. Sævar neitaði að yfirgefa völlinn og gerði dómari honum þá

grein fyrir því að leikurinn yrði flautaður af ef hann yfirgæfi ekki völlinn. Eftir að Sævar hafi enn neitað að yfirgefa völlinn hafi dómari flautað leikinn af.

Skýrsla dómars var tekin fyrir á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 3. júlí 2012 og Sævar úrskurðaður í eins mánaðar bann auk þess sem knattspyrnudeild KA var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 20.000.-.

III

Áfrýjandi byggir kröfur sínar einkum á því að Sævar Pétursson hafi ekki verið þátttakandi í leiknum og ekki skráður af hálfu KA sem þjálfari á leikskýrslu. Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal aga- og úrskurðarnefndin úrskurða um þau atvik sem fram koma í skýrslu dómara. Ekki verður annað séð en að nefndin hafi gert það í máli þessu. Með hliðsjón af skýrslu dómara leiksins var Sævar Pétursson þátttakandi í leiknum sem þjálfari B liðs 4. flokks KA. Breytir því engu þótt nafn hans hafi ekki verið ritað á leikskýrslu fyrr en eftir leik. Að því sögðu er fallist á það með aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að háttsemi Sævars Péturssonar, þjálfara 4. flokks karla hjá KA, hafi verið með þeim hætti að rétt sé að hann sæti tímabundnu leikbanni. Fallist er á að viðurlög hafi verið hæfilega ákveðin í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

Samkvæmt grein 5.2 í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar almennt ekki áfrýjað nema í þar til greindum undantekningartilvikum. Samkvæmt grein 5.2.2. verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndarinnar um fjársektir undir kr. 25.000.- ekki áfrýjað. Með vísan til þess er kröfu áfrýjanda í b lið kröfugerðar um að sekt að fjárhæð kr. 20.000.- verði felld niður vísað frá dómi.

Samkvæmt c lið kröfugerðar áfrýjanda er þess krafist að úrslit leiks Breiðabliks og KA í 4. flokki b verði úrskurðuð ógild og leikurinn fari fram að nýju. Ekki verður séð að ákvörðun um úrslit leiksins, sem áfrýjanleg er, hafi verið tekin. Getur áfrýjunardómstóll KSÍ því ekki tekið kröfu samkvæmt c lið til efnislegrar úrlausnar og er kröfunni vísað frá dómi. Kröfur samkvæmt d lið kröfugerðar áfrýjanda heyra ekki undir áfrýjunardómstól KSÍ og er því einnig vísað frá dómi.

Samkvæmt öllu framansögðu er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Kröfur samkvæmt b, c og d lið í kröfugerð áfrýjanda er vísað frá dómi.

Brynjar Níelsson

Hörður Felix Harðarson

Jóhannes Albert Sævarsson